



Reykjavík, 24. janúar 2017

Upplýsingar um væntanlegan birgðaskort

Lyf: DepoCyté 50 mg stungulyf, dreifa
Vnr: 01 71 30
Virkt efni: cýtarabín
Markaðsleyfishafi: Pacira Limited, Bretland

Kæri heilbrigðisstarfsmaður

Pacira Pharmaceuticals, Inc., eini framleiðandi tilbúna lyfsins DepoCyté®, hefur nýlega tilkynnt Norpharma A/S um vandamál við framleiðslu á lyfinu DepoCyté og að þeir muni ekki geta afhent nýjar birgðir af DepoCyté í náinni framtíð eins og áætlað var. Af þessum sökum kann aðgengi að DepoCyté að verða takmarkað þar til vandinn hefur verið leystur. Pacira Pharmaceuticals, Inc. er nú að vinna að því að finna lausn á þessum vanda.

Á meðan mun Norpharma leggja sig fram við að stjórna núverandi birgðum af Depocyte þannig að allir njóti góðs af því. Hins vegar er ljóst að birgðir munu ekki endast í sumum löndum Evrópu. Norpharma vill tryggja að þeir sjúklingar sem eru að fá meðferð með DepoCyté geti haldið meðferðinni áfram eins og meðferðarlæknir þeirra telur eiga við. Við óskum eftir samstarfi þínu til að leysa þetta tímabundna ástand með því að panta DepoCyté að hámarki 2 hettuglós á hvern sjúkling í hverri pöntun þar til birgðastaðan er aftur orðin eðlileg. Sérstaklega skal það tekið fram ef pöntun er gerð fyrir nýjan sjúkling, til að ákvarða hvort til verði nægilegt magn af lyfinu til að ljúka meðferðinni.

Athugið að þessi framleiðsluvandi hefur aðeins áhrif á nýjar DepoCyté framleiðslulotur sem ekki hafa enn verið settar á markað. Þetta hefur engin áhrif á gæði og þar af leiðandi ekki á öryggi sjúklinga hvað varðar framleiðslulotur sem þegar eru komnar í dreifingu.

Norpharma og Pacira eru í nánu samstarfi við yfirvöld í hverju landi og við Lyfjastofnun Evrópu til að miðla til þeirra upplýsingum um birgðastöðu lyfsins.

Norpharma A/S er fulltrúi markaðsleyfishafa á Íslandi.
Icepharma hf. er umboðsaðili Norpharma A/S á Íslandi.
Búast má við að birgðaskortur verði á Íslandi 1. mars 2017.
Ofangreindar aðgerðir markaðsleyfishafa taka gildi þegar í stað.

Ef þörf er á frekari upplýsingum vinsamlega hafið samband við:

Elísabet Tómasdóttir

Elísabet Tómasdóttir
Deildarstjóri Skráningardeildar
Sími: 540 8020

Hulda Pálsdóttir

Hulda Pálsdóttir
Viðskiptastjóri
Sími: 540 8088